

## Fundargerð

### 233. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs Þriðjudaginn 13. desember 2016 kl. 12<sup>15</sup> – 13<sup>50</sup>.

Viðstödd: Guðmundur G. Þórarinnsson (GGÞ), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.  
Bryndís Skúladóttir (BS) Guðlaugur Sverrisson (GS), fundarritari.  
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ) Gestur: Már Karlsson (MK)  
Guðfinnur Johnsen (GJ)  
Hlíðar Þór Hreinsson (HÞH)  
Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm (BGH) (fjarverandi)  
Lúðvík Gústafsson (LG)

Á fundinum var eftirfarandi lagt fram varðandi þá liði dagskrár sem getið er í sviga:

- (1) Fundargerð síðasta fundar
- (2) Rekstur
- (3) Spilliefni
- (4) Plastumbúðir
- (5) Ráðstöfunaraðili
- (6) Önnur mál

#### 1. Fundargerð

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar (232. fundar).

*Samþykkt*

#### 2. Rekstur

Lagt var fram á fundinum yfirlit yfir rekstur vöruflokka og skrifstofu: janúar – nóvember 2016. ÓK fór yfir helstu stærðir.

#### 3. Spilliefni

Eins og áður hefur komið fram á stjórnarfundum þá nær Kalka ekki að anna eftirspurn eftir brennslu spilliefna. MK fór yfir að það hefur leitt til uppsöfnunar spilliefna hjá þjónustuaðilum. Þjónustuaðilar fá ekki greitt endurgjald frá Úrvinnslusjóði fyrr en Kalka staðfestir móttöku. Fyrir utan það að fá ekki greitt endurgjald verða þjónustuaðilar fyrir kostnaði vegna þessarar uppsöfnunar, t.d. vegna umbúða sem eru bundnar við geymslu þessara efna. MK fór nánar yfir stöðuna og óskir um greiðslu fyrir geymslu vöruafgöngunum hjá þjónustuaðila út af stöðvun á móttöku og eyðingu spilliefna hjá Kölku.

Stjórn ræddi útfærslu á því hvernig hægt er að koma til móts við þjónustuaðila vegna þessa kostnaðar í samræmi fyrri umræður stjórnar um málið.

Stjórn ræddi að líta mætti á erindi sem ábendingu við ákvörðun á breytingu á endurgjaldi Úrvinnslusjóðs til þjónustuaðila við meðhöndlun á spilliefnum.

*GGÞ*  
*LÓ* *HÞH*  
*BS* *B*

#### 4. Plastumbúðir

Á fundinum voru lögð fram drög að minnisblaði sem GS tók saman í framhaldi af þátttöku hans á ráðstefnu (Plastic Recycling Conference) sem haldin var í Rotterdam 1.-3. nóvember 2016. Frestað.

#### 5. Ráðstöfunaraðili

Lögð var fram á fundinum umsókn frá Efnamóttökunni fyrir erlendan aðila um að gerast ráðstöfunaraðili vegna raf- og rafeindatækja. Óskað er eftir nafnleynd ráðstöfunaraðila.

*Samþykkt*

#### 6. Önnur mál.

Gerð var tilaga um að fyrsti fundur á næsta ári verði þriðjudaginn 10. janúar 2017 kl. 12.15. Lögð var fram á fundinum áætlun um stjórnarfundir fram að sumarfríum.

*Samþykkt*

Lagt var fram á fundinum yfirlit um fjárlagatillögur fyrir Úrvinnslusjóð í fjárlagafrumvarpi 2017.

Lögð var fram á fundinum tilkynning um ársfund Úrvinnslusjóðs sem haldinn verður fimmtudaginn 15. desember kl. 13.30 á Hilton Reykjavík Nordica.

Næsti fundur ákveðinn 10. janúar 2017.

Fundi slitið kl 13.50

Guðm. G. Þórisson  
Kris Eld  
Bryndis Skutacka  
Hilmar Þor  
Lindur S. Guðjónsson